

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB

Forgangslisti

2022-2023

Uppfærsla og framlenging á gildistíma forgangslista 2022-2023 fram á mitt ár 2024 eða til loka skipunartímabils núverandi framkvæmdastjórnar ESB.

Efnisyfirlit

Upplýsingagjöf og flokkunarkerfi um sjálfbærar fjárfestingar.....	3
Innstæðutryggingar	5
Innri markaðurinn – Ný verkfæri til að tryggja virkan innri markað í neyðarástandi	7
Jafnréttisáætlun ESB	8
Kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri.....	9
Framlag flugs til losunarmarkmiðs ESB.....	10
Losun frá starfsemi nýrra geira (sjóflutningar, byggingar, vegasamgöngur og smærri iðnaður) (ETS-kerfið)	11
Losun og kolefnisbindingu sem tengist landnotkun og skógrækt (LULUCF)	12
Sameiginlega ábyrgð á losun (ESR)	13
Vottunarrammi vegna fjarlægingar kolefnis [Nýtt].....	14
Kolefnishlutlaus iðnaður (Net Zero Industry Act) [Nýtt]	15
Mikilvæg hráefni (Critical Raw Materials Act) [Nýtt]	16
Hreinsun á skólpi frá þéttbýlum [Nýtt].....	17
Endurskoðun á mannalyfjalöggjöf ESB/EES	19
Náringarmerkingar merkingar matvæla	21
Áætlun ESB um þol gegn sýklalyfjaónæmi	22
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/942 frá 5. júní 2019 um að koma á fót Evrópusambandsstofnun um samstarf eftirlitsaðila á orkumarkaði (endurútgáfa).....	23
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 frá 5. júní 2019 um innri markaðinn fyrir raforku (endurútgáfa).....	24
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 frá 5. júní 2019 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB (endurútgáfa).....	25
Tilskipun um orkunýtni (endurútgáfa).....	27
Tilskipun 2018/844/EU um breytingu á tilskipun 2010/31/EU um orkunotkun bygginga (EPBD).....	27
Eftirlits- og stjórnunarkerfi (orkumál)	29
Tilskipun um endurnýjanlega orkugjafa	30
Tillaga að reglugerð (ESB) um sjálfbært flugeldsneyti	31
Stofnun á miðlægum eftirlitsaðila og breytingar á regluverki vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu	32
Tillaga að reglugerð um fjölmöldrafelsi	36
Samstarfsáætlanir ESB 2021-2027 á sviði mennta-, æskulýðs-, menningar-, rannsóknar-, nýsköpunar-, stafrænna-, umhverfis-, almannavarna-, innri markaðs-, heilbrigðis-, sjálfbóðaliðastarfs-, atvinnu- og félagsmála	37

Sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa.....	39
Stafræn starfsskrá ESB	41
Reglugerð um stafræna markaði	43
Tillaga um reglugerð um gervigreind	44
Tillaga að reglugerð (EB) um breytingar á rg. (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og rg. (EB) nr. 987/2009 um framkvæmd rg. (EB) nr. 883/2004	46
Tillaga að tilskipun um viðeigandi lágmarksлаун	48

Upplýsingagjöf og flokkunarkerfi um sjálfbærar fjárfestingar

EU Taxonomy and Sustainable Finance Disclosures

Stutt lýsing á efni

Með Parísarsamkomulaginu skuldbundu ríki Sameinuðu þjóðanna sig til að draga markvisst úr losun grðorhúsalofttegunda, takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og tryggja umtalsvert fjármagn til grænna lausna. Í áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fjármögnun sjálfbærars vaxtar innan sambandsins er meðal annars lögð áhersla á að samræma upplýsingagjöf um áhættu tengda sjálfbærni við fjárfestingaákvæðanir og koma á samræmdu flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist sjálfbær atvinnustarfsemi. Í því skyni samþykkti Evrópusambandið tvær reglugerðir, annars vegar reglugerð (ESB) 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Sustainable Finance Disclosure Regulation; SFDR), og hins vegar reglugerð (ESB) 2020/852, um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Taxonomy), og hefur unnið að móturn tæknistaðla sem útfæra nánar efni þeirra. Móðurgerðirnar voru innleiddar með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. 25/2023, og unnið er að innleiðingu tæknistaðla.

Málaufokkur

Fjármálastarfsemi

Staða málss innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Reglugerðir (ESB) 2019/2088 (SFDR) og 2020/852 (Taxonomy) hafa verið samþykktar og tekið gildi innan ESB. Jafnframt hafa verið samþykktar nokkrar undirgerðir sem útfæra ákvæði þeirra nánar og fleiri undirgerðir eru á vinnslustigi.

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32019R2088](#): Regulation (EU) 2019/2088 of the European Parliament and of the Council of 27 November 2019 on sustainability-related disclosures in the financial services sector (SFDR). Undirgerðir:

- [32022R1288](#): Commission Delegated Regulation (EU) 2022/1288 of 6 April 2022 supplementing Regulation (EU) 2019/2088 of the European Parliament and of the Council with regard to regulatory technical standards specifying the details of the content and presentation of the information in relation to the principle of ‘do no significant harm’, specifying the content, methodologies and presentation of information in relation to sustainability indicators and adverse sustainability impacts, and the content and presentation of the information in relation to the promotion of environmental or social characteristics and sustainable investment objectives in pre-contractual documents, on websites and in periodic reports
- [32023R0363](#): Commission Delegated Regulation (EU) 2023/363 of 31 October 2022 amending and correcting the regulatory technical standards laid down in Delegated Regulation (EU) 2022/1288 as regards the content and presentation of information in relation to disclosures in pre-contractual documents and periodic reports for financial products investing in environmentally sustainable economic activities
- [32020R0852](#): Regulation (EU) 2020/852 of the European Parliament and of the Council of 18 June 2020 on the establishment of a framework to facilitate sustainable investment, and amending Regulation (EU) 2019/2088 (Taxonomy). Undirgerðir:
- [32021R2139](#): Commission Delegated Regulation (EU) 2021/2139 of 4 June 2021 supplementing Regulation (EU) 2020/852 of the European Parliament and of the Council by establishing the technical screening criteria for determining the conditions under which an economic activity qualifies as contributing substantially to climate change mitigation or climate

change adaptation and for determining whether that economic activity causes no significant harm to any of the other environmental objectives

- [32021R2178](#): Commission Delegated Regulation (EU) 2021/2178 of 6 July 2021 supplementing Regulation (EU) 2020/852 of the European Parliament and of the Council by specifying the content and presentation of information to be disclosed by undertakings subject to Articles 19a or 29a of Directive 2013/34/EU concerning environmentally sustainable economic activities, and specifying the methodology to comply with that disclosure obligation
- [32022R1214](#): Commission Delegated Regulation (EU) 2022/1214 of 9 March 2022 amending Delegated Regulation (EU) 2021/2139 as regards economic activities in certain energy sectors and Delegated Regulation (EU) 2021/2178 as regards specific public disclosures for those economic activities
- [C\(2023\)3850](#): Commission Delegated Regulation (EU) /... amending Delegated Regulation (EU) 2021/2139 establishing additional technical screening criteria for determining the conditions under which certain economic activities qualify as contributing substantially to climate change mitigation or climate change adaptation and for determining whether those activities cause no significant harm to any of the other environmental objectives
- [C\(2023\)3851](#): Commission Delegated Regulation (EU) /... supplementing Regulation (EU) 2020/852 of the European Parliament and of the Council by establishing the technical screening criteria for determining the conditions under which an economic activity qualifies as contributing substantially to the sustainable use and protection of water and marine resources, to the transition to a circular economy, to pollution prevention and control, or to the protection and restoration of biodiversity and ecosystems and for determining whether that economic activity causes no significant harm to any of the other environmental objectives and amending Delegated Regulation (EU) 2021/2178 as regards specific public disclosures for those economic activities

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að mótnun tæknilegra matsviðmiðana ESB-flokkunarkerfisins taki nægilegt tillit til íslenskra aðstæðna, það endurspegli á eðlilegan hátt sérstöðu landsins og að samþykktir hlutar flokkunarkerfisins verði innleiddir tímanlega í íslenskan rétt. Hraða ætti upptöku og innleiðingu á reglugerðum ESB um sjálfbæra fjármögnun og flokkunarkerfi í nánu samstarfi við helstu hagsmunaaðila innan og utan stjórnsýslunnar.

Markhópur

Framkvæmdastjórn ESB

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Með virkri áheyrn og hagsmunagæslu á fundum sérfræðingahóps ESB um sjálfbærar fjárfestingar og flokkunarkerfi. Fjármála- og efnahagsráðuneytið er með fulltrúa í sendiráðinu í Brussel sem sækir viðkomandi fundi hjá Evrópusambandinu sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt og getur þar komið að sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda.

Ábyrgt ráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Hlekkir

[Upplýsingasíða COM - EU Taxonomy](#)

Innstæðutryggingar

Directive 2014/49/EU of the European Parliament and of the Council of 16 April 2014 on deposit guarantee schemes.

Stutt lýsing á efni

Íslenskar reglur um innstæðutryggingar byggjast á evrópsku regluverki. Lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, [nr. 98/1999](#), taka þannig mið af tilskipunum ESB um innstæðutryggingar, [94/19/EB \(DGS I\)](#), og um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, [97/9/EB](#). Þá voru afmarkaðar breytingar gerðar með lögum [nr. 55/2011](#) um breytingu á lögum nr. 98/1999, þar sem litið var til afmarkaðra ákvæða í annarri innstæðutryggingatilskipun ESB, [2009/14/EB \(DGS II\)](#). Sú tilskipun var ekki tekin upp í EES-samninginn og hefur nú verið felld úr gildi innan ESB. Þriðja innstæðutryggingatilskipun ESB, [2014/49/ESB \(DGS III\)](#), tók gildi í ESB á árinu 2014, en hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Lög um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta hefur einnig verið breytt í sambandi við innleiðingu tilskipun ESB [2014/59/ESB](#) um endurreisn og skilameðferð lánaстofnana og verðbréfafyrirtækja. Komið var á fót skilasjóði og hluta af fjármunum innstæðutryggingarsjóðs ráðstafað til hans.

Málflokkur

Fjármálastarfsemi

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

[Tilskipun 2014/49/ESB um innstæðutryggingakerfi \(DGS III\)](#), tók gildi innan ESB þann 2. júlí 2014 og áttu öll aðildarríki að hafa innleitt reglur tilskipunarinnar í landsrétt sinn fyrir 3. júlí 2015.

Viðamikil vinna hefur átt sér stað á vettvangi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) og framkvæmdastjórnar ESB undanfarin ár. Þrjú umfangsmikil álit frá EBA komu út seinni hluta ársins 2019 og í upphafi árs 2020. [Fyrsta áliði](#) fjallaði um tryggingarhæfi innstæðna, fjárhæð tryggingarverndar og samstarf milli innstæðutryggingarkerfa. [Annað áliði](#) fjallaði um útgreiðslur úr innstæðutryggingarkerfum og [þriðja áliði](#) um fjármögnun innstæðutryggingarkerfa og notkun þeirra. Í álitum EBA koma fram tillögur til umbóta á regluverki um innstæðutryggingar. Þá hefur framkvæmdastjórnin lagt áherslu á að koma á fót [evrópsku innstæðutryggingakerfi \(European deposit insurance scheme – EDIS\)](#) og hefur verið unnið að því verkefni undanfarin ár í kjölfar [tillögu framkvæmdastjórnarinnar](#) frá árinu 2015.

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32014L0049](#)

Directive 2014/49/EU of the European Parliament and of the Council of 16 April 2014 on deposit guarantee schemes (recast) - DGS III

[COM/2023/228](#)

Proposal for a DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Directive 2014/49/EU as regards the scope of deposit protection, use of deposit guarantee schemes funds, cross-border cooperation, and transparency.

[COM/2015/0586](#)

Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Regulation (EU) 806/2014 in order to establish a European Deposit Insurance Scheme

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að afla upplýsinga um málefni innstæðutrygginga, bæði um efnislegt inntak og túlkun tilskipunar 2014/49/ESB, og tillögur og lagabreytingar sem eru til umræðu og í farvatninu á vettvangi ESB. Af hálfu Íslands verður byggt á þeim sjónarmiðum sem fram koma í álitum efnahags- og viðskiptanefndar frá 29. október 2014 við upptöku tilskipunar 2014/49/ESB í EES-samninginn og innleiðingu hennar hér á landi, sbr. einnig bréf utanríkismálanefndar frá 25. nóvember 2014, um að ekki verði í gegnum EES

samninginn tekin upp ríkisábyrgð á innstæðum og ekki verði hróflað við forgangsrétti innstæða við slitameðferð.

Markhópur

Fyrst og fremst framkvæmdastjórn ESB.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Í gegnum samstarf EES/EFTA-ríkjanna varðandi upptöku tilskipunar 2014/49/ESB í EES-samninginn. Einnig í gegnum aðild að vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu og [sérfræðingahópi ESB um bankastarfsemi, greiðslubjónustu og vátryggingastarfsemi](#), eining skilameðferðar og innstæðutrygginga (D3 Unit on Resolution and deposit insurance).

Tímarammi

Þar til fæst úr álitamálum skorið í tengslum við upptöku og innleiðingu á tilskipun 2014/49/ESB um innstæðutryggingakerfi (DGS III).

Ábyrgt ráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Innri markaðurinn – Ný verkfæri til að tryggja virkan innri markað í neyðarástandi

Single market – new EU instrument to guarantee functioning of single market during emergencies

Stutt lýsing á efni

Framkvæmdastjórn ESB hefur boðað tillögur að nýrri löggjöf sem munu hafa það að markmiði að tryggja virkan innri markað í neyðarástandi (e. Single Market Emergency Instrument). Verður tillögunum ætlað að tryggja samræmi og samstöðu í viðbrögðum við neyðarástandi, til að tryggja frjálst flæði vara, þjónustu og fólks, að aðfangakeðjur virki sem skyldi og framboð og aðgang að vörum og þjónustu.

Málauflokkur

Innri markaður

Staða máls innan ESB

Forvinnslustigi (pre-pipeline), opnu samráði lokið.

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

Tillaga að reglugerð var lögð fram 19. september 2023. [Hlekkur á stöðu málsins](#)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að fylgjast með framgangi málsins, huga að þáttöku EFTA-ríkjanna og leitast við að tryggja að ráðstafanirnar leiði ekki til viðskiptahindrana gagnvart EFTA-ríkjjunum.

Ábyrgt ráðuneyti

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Jafnréttisáætlun ESB

Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions - A Union of Equality: Gender Equality Strategy 2020-2025

Stutt lýsing á efni

Áherslur framkvæmdastjórnar ESB í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2025 eru m.a. að berjast gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi í tengslum við Istanbul-samninginn, jöfn laun fyrir sömu vinnu og bindandi aðgerðir um launagagnsæi. Einnig er lögð áhersla á að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum og við ákvarðanatökur, jafna umönnunarábyrgð milli kynja, gæta vel að mismunandi áhrifum loftslagsbreytinga á kynin og vinna gegn fjölbættri mismunun.

Málflokkur

Jafnréttismál

Staða máls innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Markmiðið með hagsmunagæslunni er að fylgjast með framgangi og þróun jafnréttismála innan ESB og miðla þekkingu og reynslu Íslendinga í jafnréttismálum.

Ábyrgt ráðuneyti

Forsætisráðuneytið

Kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri

Proposal for a REGULATION (EU) 2023/956 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL establishing a carbon border adjustment mechanism COM/2021/564 final

Stutt lýsing á efni

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar og Evrópuþingsins um að koma á fót kerfi sem snýr að álagningu kolefnisjöfnunargjalds yfir landamæri vegna innflutnings á vörum inn á tollsvæði ESB frá þriðju ríkjum. Kerfinu er ætlað að koma í veg fyrir kolefnisleka með því að skipta út endurgjaldslausum losunarheimildum ETS kerfisins og nota í staðinn vottorð á rafrænu formi þar sem eitt vottorð samsvarar einu tonni af innbyggðri losun í vörunum sem um ræðir.

Tillagan er hluti af aðgerðum sem kynntar voru í aðgerðapakka ESB (e.Fit for 55) og fjallar um álagningu kolefnisjöfnunargjalds yfir landamæri (e. Carbon Border Mechanism Adjustment, CBAM). Fram kemur að stór hluti alþjóðlegra viðskiptaaðila ESB er við þriðju ríki þar sem skortur er á aðgerðum til að draga úr loftslagsáhrifum með sama hætti og ríki innan ESB hafa sett fram.

Á meðan hætta er á mismunandi metnaðarfullum loftslagsaðgerðir þriðju ríkja er hætta á kolefnisleka. Því er það stefna ESB að draga úr losunarheimildum innan ESB en á sama tíma að koma í veg fyrir að losun aukist utan ESB.

Gildissvið tillögunnar nær því yfir vörur sem fluttar eru inn á tollsvæði ESB frá þriðju ríkjum, nema þegar um er að ræða framleiðslu sem þegar er tengd ETS kerfinu í gegnum kolefnisverðlagningarkerfi þess ríkis og setur því jafngildar reglur á innflutning á tollsvæðið og þær sem koma fram varðandi viðskipti með losunarheimildir samkvæmt tilskipun 87/2003/EB.

Málaufokkur

Loftslagsmál og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted aquis)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Fylgja þarf tillögunni fylgt eftir með vöktun í samráði við viðeigandi ráðuneyti. Meta þarf þýðingu tillögunnar fyrir íslenska hagsmunaaðila og greina hvert umfang hins nýja kerfis mun verða.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Fjármálaráðuneytið, Utanríkisráðuneytið

Framlag flugs til losunarmarkmiðs ESB

DIRECTIVE (EU) 2023/958 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Directive 2003/87/EC as regards aviation's contribution to the Union's economy-wide emission reduction target and appropriately implementing a global market-based measure

Stutt lýsing á efni

Tilskipunin breytir tilskipun 2003/87/EB að því er varðar losun frá flugstarfsemi. Breytingar skv. tilskipuninni:

- Línulegur lækkunarstuðull verður 4.2% í stað núverandi 2,2%, í samræmi við 9. gr. ETS tilskipunar;
- Uppboð á losunarmarkmiðum í flugi verður aukið í skrefum með að markmiði að hætta endurgjaldslausri úthlutun til flugrekenda árið 2026. Árið 2024 hækkar hlutfall losunarmarkmiða á uppboði úr 15% í 25%, samsvarandi mun endurgjaldslausum losunarmarkmiðum fækka. Árið 2025 verður hlutfallið 50% losunarmarkmiða, árið 2026 verður hlutfallið 75% losunarmarkmiða og frá og með árinu 2026 verða allar losunarmarkmiðir sem hefði átt að úthluta endurgjaldslaust, boðnar upp.
- ETS-kerfisið mun gilda áfram um flug innan Evrópska efnahagssvæðisins á meðan CORSIA kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar verður beitt eftir því sem við á fyrir flug frá EES til þriðju ríkja og til baka; og
- að tryggja að flugfélög skrásett innan eða utan EES fái sömu meðferð á flugleiðum á milli sömu flugvalla innan eða utan EES.

Málaflokkur

Loftlagsmál og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted aquis)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Markmið Íslands með forgangi við vöktun gerðarinnar er þríþætt:

- Meginmarkmiðið er að koma eins og hægt er í veg fyrir að skuldbindingar sem Ísland undirgangist við innleiðingu gerðarinnar leiði til þess samkeppnisstaða Keflavíkurflugvallar sem tengiflugvallar á milli EES og Norður-Ameríku skerðist samanborið við aðra evrópska flugvelli og bein flug frá Evrópu.
- Annað markmið er að íslenskur almenningur og ferðaþjónustan taki ekki á sig byrðar umfram það sem almennt gerist innan EES í ljósi þess að flug er eini ferðamáttinn frá Íslandi til annarra landa.
- Þriðja markmið er að innleiðing gerðarinnar leiði ekki til kolefnisleka.

Sérstaklega þarf að vakta samanlöögð áhrif tilskipunarinnar og reglugerðar ESB um sjálfbært flugeldsneyti, sem báðar geta mögulega leitt til umtalsverðar hækkunar á kostnaði við flug til Íslands.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Innviðaráðuneytið

Losun frá starfsemi nýrra geira (sjóflutningar, byggingar, vegasamgöngur og smærri iðnaður) (ETS-kerfið)

Directive (EU) 2023/959 of the European Parliament and of the Council of 10 May 2023 amending Directive 2003/87/EC establishing a system for greenhouse gas emission allowance trading within the Union and Decision (EU) 2015/1814 concerning the establishment and operation of a market stability reserve for the Union greenhouse gas emission trading system

Stutt lýsing á efni

Tilskipunin er hluti af Fær í 55 aðgerðarpakka ESB og felur í sér viðamiklar breytingar á reglum um viðskipti með losunarheimildir, sem er eitt af mikilvægustu stjórntækjum ESB til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt gildandi reglum (tilskipun 2003/87/EB, ásamt síðari breytingum) nær núverandi viðskiptakerfi ESB yfir losun frá raforkuframleiðslu (með brennslu jarðefnaeldsneytis), tiltekinni iðnaðarstarfsemi og flugstarfsemi innan EES. Í tilskipuninni eiga viðskipti með losunarheimildir að spila enn stærra hlutverk en áður við að ná markmiðum sambandsins í loftslagsmálum.

Meðal efnisatriða tilskipunarinnar er að fækka heildarfjölda losunarheimilda fyrir staðbundinn iðnað hraðar en áður var gert ráð fyrir, að sjóflutningar verði felldir undir viðskiptakerfi með losunarheimildir, að nýtt kerfi með losunarheimildir fyrir byggingageirann og flutninga á vegum, svo og aðra geira verði sett á laggirnar, að skilyrði endurgjaldslausrar úthlutunar losunarheimilda til iðnaðarstarfsemi verði hert og afnumin í skrefum fyrir geira sem framleiða vörur sem heyra undir nýtt kerfi um kolefnisjöfnunargjald yfir landamæri á innflutning (e. Carbon Boarder Adjustment Mechanism - CBAM). Í tilskipuninni eru ákvæði þess efnis að hlutfall losunarheimilda sem fara á uppboð í viðskiptakerfinu eykst. Þá skal tekjum af uppboði losunarheimilda að meginstefnu varið í loftslagsaðgerðir, m.a. gegnum sérstaka sjóði á vegum ESB. Tilskipunin breytir einnig ákvörðun (ESB) 2015/1814 um markaðsstöðugleikasjóð (e. market stability reserve)

Málauflokkur

Loftslagsmál og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted aquis)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að tryggja hagsmuni innlendra aðila sem falla undir og munu falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Losun og kolefnisbindingu sem tengist landnotkun og skógrækt (LULUCF)

REGULATION (EU) 2023/839 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Regulation (EU) 2018/841 as regards the scope, simplifying the compliance rules, and setting out the targets of the Member States for 2030, and Regulation (EU) 2018/1999 as regards improvement in monitoring, reporting, tracking of progress and review.

Stutt lýsing á efni

Reglugerð (ESB) 2023/839 fjallar um breytingar á reglugerð (ESB) 2018/841 (LULUCF reglugerðinni), og á reglugerð (ESB) 2018/1999 („Governance Regulation“). LULUCF reglugerðin fjallar um skuldbindingar og uppgjörsreglur vegna losunar og bindingar frá landnotkun, breytti landnotkun og skógrækt (e. Land use, land use change and forestry – LULUCF). Þessi reglugerð hefur verið endurskoðuð m.t.t. nýs markmiðs ESB að draga úr losun um 55% fyrir árið 2030 m.v. árið 1990. Gildissvið reglugerðarinnar hefur verið endurskoðað og skuldbindingar aðildarríkja ESB vegna LULUCF, uppgjörsreglur og reglur um sveigjanleika uppfærðar. Helsta breytingin felst í því að númerandi skuldbindingar fyrir LULUCF munu einungis gilda fyrir tímabilið 2021-2025. Fyrir tímabilið 2026-2030 verða sett árleg markmið fyrir hvert aðildarríki. Stefnt er að því að sameina losun og bindingu frá LULUCF með losun metans og nituroxíðs frá landbúnaði í nýjan flokk, landsflokk (e. land sector), frá og með árinu 2031. Stefnt er að því landsflokkur fyrir ESB í heild sinni sé kolefnishlutlaus á árinu 2035.

Málflokkur

Loftlagsmál og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted aquis)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að tryggja að skoðuð verði sérstaklega áhrif aukinna krafna í nýrri LULUCF reglugerð og kortleggja möguleg álitamál í breytingum á reglugerðinni.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Matvælaráðuneytið

Sameiginlega ábyrgð á losun (ESR)

Regulation (EU) 2023/857 of the European Parliament and of the Council of 19 April 2023 amending Regulation (EU) 2018/842 on binding annual greenhouse gas emission reductions by Member States from 2021 to 2030 contributing to climate action to meet commitments under the Paris Agreement, and Regulation (EU) 2018/1999

Stutt lýsing á efni

Reglugerð (ESB) 2023/857 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/842 og reglugerð (ESB) 2018/1999 sem varða skuldbindingar og uppgjörsreglur vegna losunar á beinni ábyrgð ríkja (e. effort-sharing) frá 2021 til 2030. Reglugerð (ESB) 2018/842 fjallar um skuldbindingar og uppgjörsreglur vegna losunar á beinni ábyrgð ríkja (e. effort-sharing) frá 2021 til 2030. Þessi reglugerð var endurskoðuð m.t.t. nýs markmiðs ESB um að draga úr losun um 55% fyrir árið 2030 m.v. árið 1990. Helsta breytingin er að hvert ríki fær uppfært markmið fyrir árið 2030 í samræmi við uppfærð markmið ESB og ríki munu fá losunarheimildum endurúthlutað fyrir árin 2023-2030 í samræmi við uppfært markmið. Tillagan felur einnig í sér að árið 2030 verður stofnaður varasjóður með losunarheimildir sem einstök ríki geta fengið úthlutað úr ef að þau hafa ekki náð að standast sín markmið. Úthlutun úr sjóðnum kemur einungis til, ef ESB ríkjum tekst að ná 55% markmiði um samdrátt í losun.

Málaufokkur

Loftslagsmál og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted aquis)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að tryggja að hlutdeild Íslands verði byggð á réttum forsendum og endurspegli þá möguleika sem Ísland hefur til að draga úr losun.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Vottunarrammi vegna fjarlægingar kolefnis [Nýtt]

Proposal for a regulation 2022/0394 of the European Parliament and of the Council establishing a Union certification framework for carbon removals

Stutt lýsing á efni

Aðilar að Parísarsáttmálanum hafa skuldbundið sig til að framfylgja honum með samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda og aukningu á fjarlægingu kolefnis. Í skýrslu milliríkjjanefndar um loftslagsbreytingar kemur fram að ekki sé hægt að komast hjá því að nota aðferðir til að fjarlægja kolefni til að vega upp á móti þeirri losun sem erfitt er að draga úr ef að nettó náll-losun eigi að nást. Markmið reglugerðar þessarar er að þróa valfrjálsan vottunarraðma Sambandsins vegna kolefnisfjarlægingar þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki er virtur til að styðja við að markmið um kolefnishlutleysi náið árið 2050. Reglugerðin mælir fyrir um gæðaviðmið fyrir starfsemi að með kolefnisfjarlægingu, reglur um sannprófun og vottun á kolefnisfjarlægingu sem og reglur um starfsemi og viðurkenningu framkvæmdarstjórnarinnar á vottunarkerfum. Reglugerð þessi á um eftirfarandi starfsemi með kolefnisbindingu: Kolefnisfjarlægingu vegna ræktunar, kolefnisbindingar í vörum og geymslu kolefnis í jarðmyndunum.

Hlekkur á skjal á vinnslustigi (pipeline)

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:52022PC0672>

Málauflokkur

Loftslagsmál og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Markmið með regluverkinu er að skilgreina vottunarkerfi þriðja aðila á aðgerðum á sviði fjarlægingar /bindingar kolefnis til að tryggja að fjarlæging kolefnis sé rétt metin og að verkefnin skili viðbótar ávinnungi sem er til viðbótar við þegar ákveðin verkefn, komið verði í veg fyrir kolefnisleka og verkefnin séu sjálfbær. Mikilvægt að Ísland fylgist með framgangi þeirrar vinnu og að íslensk verkefni á þessu svið geti fallið að regluverkinu.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Matvælaráðuneytið

Kolefnishlutlaus iðnaður (Net Zero Industry Act) [Nýtt]

Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on establishing a framework of measures for strengthening Europe's net-zero technology products manufacturing ecosystem (Net Zero Industry Act)

Stutt lýsing á efni

Tillagan er liður í því að tryggja að ESB nái markmiði sínu í loftslagsmálum og stuðla að orkuöryggi innan sambandsins. Í því felst m.a. að minnka stjórnsýslubyrði við þróun kolefnishlutlausrar tækni svo sem með því að einfalda leyfisveitingarferli sem framleiðendur þurfa að fara í gegnum. Til að stuðla að markmiði ESB um kolefnishlutleysi leggur framkvæmdastjórnin til að gera þeim sem þróa kolefnishlutlausa tækni auðveldara fyrir. Í því felst m.a. að draga úr stjórnsýslubyrði sem felst til að mynda í leyfisveitingu, þekkingu og hæfni á sviði kolefnishlutlausra tæknilausna og að hvetja til aukinnar fjármögnunar og nýsköpunar. Tæknin sem fellur m.a. undir gerðina er kolefnisföngun og - geymsla. Þá er lagt til að setja einsleitt markmið um kolefnisgeymslu innan EES.

Málflokkur

Innri markaðurinn/loftslags- og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Forstig (pre pipeline)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A52023PC0161>

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Reglugerðin kveður á um forgang kolefnishlutlausra verkefna, einfaldara leyfisveitingarferli innan stjórnsýslunnar, menntun, fjárfestingar og nýsköpun sem er jákvætt fyrir tækni sem stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Það er ýmislegt í tillögunni sem getur varðað íslenska hagsmuni, sérstaklega föngun og geymsla kolefnis, og því mikilvægt að fylgjast vel með þessari gerð.

Markhópur

Framkvæmdastjórn ESB – sérfræðingar á hennar vegum sem vinna að tillögunni, Evrópuþingið og ráðið og fulltrúar annarra ríkja.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

EFTA ríkin vinna nú að sameiginlegar athugasemdum sem verða sendar til framkvæmdastjórnar ESB, Evrópuþingsins og til ráðsins. Athugasemdunum verður fylgt eftir og fylgst með framvindu málsins.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Mikilvæg hráefni (Critical Raw Materials Act) [Nýtt]

Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL establishing a framework for ensuring a secure and sustainable supply of critical raw materials and amending Regulations (EU) 168/2013, (EU) 2018/858, 2018/1724 and (EU) 2019/1020

Stutt lýsing á efni

Markmið tillögunnar er að tryggja framboð og aðgang að mikilvægum hrávörum innan ESB. Nægt framboð ýmissa mikilvægra hráefna er ómissandi ekki bara fyrir framgang framkvæmdaáætlunar Græna sáttmálans heldur einnig stafrænu umskiptin, geimáætlun ESB, varnarmál og svo mætti lengi telja. ESB er nú mjög háð innflutningi á ýmsum mikilvægum hráefnum og í sumum tilvikum hafa birgjar í einstökum ríkjum hálfgerða einokunarstöðu. Þannig er markmið reglugerðarinnar jafnframt að draga úr þeirri áhættu sem getur fylgt því að vera háður tilteknum birgjum að þessu leyti með því að auka eigin framleiðslu mikilvægra hráefna og endurvinnslu slíkra efna og auka fjölbreytni í aðfangakeðjum.

Málaufokkur

Innri markaðurinn/iðnaður/loftslags- og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Forstig (pre pipeline)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A52023PC0160>

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Reglugerðin tilgreinir ákveðin hráefni sem mikilvæg (critical raw materials og strategic raw materials) og hefur hagsmunagæsla Íslands snúist mikið um það að tryggja að ál verði á endanlegum lista yfir mikilvæg hráefni. Allt útlit er fyrir að það takist og upprunalegri tillögu verði breytt. Frekari markmið með hagsmunagæslu er að tryggja að ferlar, verkefni og úrræði sem gerðin fjallar um (strategic projects) séu framkvæmanleg út frá íslenskum landslögum, svo sem varðandi leyfisveitingar, skipulag og umhverfisáhrif.

Markhópur

Framkvæmdastjórn ESB – sérfræðingar á hennar vegum sem vinna að tillögunni, Evrópuþingið og ráðið og fulltrúar annarra ríkja.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

EFTA ríkin sendu sameiginlegar athugasemdir til framkvæmdastjórnar ESB, Evrópuþingsins og til ráðsins 20. september 2023. Athugasemdunum verður fylgt eftir og fylgst með framvindu málsins.

Ábyrgt ráðuneyti

Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið, Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Hreinsun á skólpi frá þéttbýlum [Nýtt]

Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council concerning urban wastewater treatment (recast) - COM(2022) 541

Stutt lýsing á efni

Framkvæmdastjórn Evrópu og Evrópuþing hefur lagt fram tillögu að nýrri tilskipun um hreinsun á skólpi (ESB/2022/541). Reglur á þessu sviði hafa verið hluti EES-samningsins frá upphafi. Eldri tilskipun ESB/1991/271 fellur brott en hún var innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Markmið nýju tilskipunarinnar er nú víðtækara en áður. Auk hreinsunar á skólpi til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi þá er markmið tilskipunarinnar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá hreinsistöðvum, auka aðgengi að hreinlætisaðstöðu, auk þess að stuðla að auknu gagnsæi og reglulegri vöktun á mælibáttum sem snúa að heilbrigði fólks (e. public health parameters). Í grundvallaratriðum er grunnur tilskipunarinnar sá sami en verið er að bregðast við ýmsum nýjum áskorunum sem núverandi tilskipun hefur ekki náð til s.s. losun á öðrum mengandi efnunum en lífrænu efni og næringarefnum (t.d. örplasti, forgangsefnum og lyfjaleifum), hreinsun á ofanvatni og hreinsun frá minni þéttbýlum en 2.000 pe

Hlekkur á skjal á vinnslustigi (pipeline)

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:52022PC0541>

Málflokkur

Loftslagsmál og umhverfismál

Staða máls innan ESB

Tillagan er nú í hefðbundnu löggjafarferli á vettvangi ESB. Evrópuþingið samþykkti samningsafstöðu sína 5. október 2023 og ráðherraráðið gerði slíkt hið sama 16. október 2023. Þríhliðaviðræður milli Evrópuþingsins, ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnar ESB eru hafnar og stefnt er að því að þingið og ráðið nái samkomulagi sín á milli fyrir lok febrúar 2024.

Vinnslustig (pipeline)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Er að koma áherslum Íslands á framfæri. Allt frá því að tillagan kom fyrst fram hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, í samstarfi við utanríkisráðuneytið, unnið að því að kynna afstöðu Íslands fyrir aðildarríkjum ESB, m.a. í gegnum sendinefnd Íslands gagnvart ESB í Brussel, með það að markmiði að finna sjónarmiðum Íslands fylgi og hafa áhrif á efni tilskipunarinnar.

Afstaða Íslands felst í því

- að áhættumiðaðri nálgun verði beitt við ákvörðun hreinsunar fyrir minni þéttbýli sem losa í opin hafsvæði,
- að svæði þar sem einungis er grófhreinsun fái frest til a.m.k. 2030 til að laga sig að nýjum kröfum og
- að ákvæði um orkuframleiðslu fráveitu verði sveigjanlegri og að tekið verði fullt tillit til aðstæðna í einstökum ríkjum, eins og t.d. þar sem er umfangsmikil framleiðsla á grænni orku eins og í tilfelli Íslands.

Afstöðu Íslands hefur verið komið á framfæri bréflega til Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnarinnar og þeirra ríkja í ráðherraráðinu sem líkleg eru til að taka undir áherslur Íslands og/eða hefðu sömu hagsmuna að gæta. Jafnframt hefur afstöðu Íslands verið komið á framfæri við Spán sem fer með formennsku í ESB um þessar mundir og Noreg. Þessum bréfum hefur verið fylgt eftir með frekari samskiptum og málafylgju. Fundað hefur verið með fulltrúum stjórnvalda í Noregi og með fulltrúum frá ríki og sveitarfélögum hinna Norðurlandanna í Brussel á fundi þar sem m.a. framsögumaður málsins í Evrópuþinginu tók þátt í. Fundað var með framkvæmdastjórninni nú 25. október 2023. Þá tóku fulltrúar

Íslands þátt í vinnustofu á vegum Umhverfisstofnunar Portúgals þar sem fjallað var um áhættumat til að ákvarða stig hreinsunar.

Hagsmunagæsla Íslands snýr að því að beita megi áhættumiðaðri nálgun við ákvörðun hreinsunar í fráveitu. Þar er fyrst og fremst litið til þess stjórnækis sem stjórnun vatnamála leggur okkur í hendur og að hreinsun verði forgangsraðað á þann hátt að ávinningur fyrir umhverfið sé sem best tryggður án óhóflegs kostnaðar fyrir samfélagið. Að sama skapi er ljóst að samfélagslegur hagur af vandaðri meðferð skólops er mikill og Ísland hefur m.a. lagt mikla áherslu á að draga úr plastmengun í hafi.

Ætla má að tillagan muni taka breytingum í lagasetningarferli ESB og lokaniðurstaðan liggur ekki fyrir.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Endurskoðun á mannalyfjalöggjöf ESB/EES

[Proposal for a Regulation laying down Union procedures for the authorisation and supervision of medicinal products for human use and establishing rules governing the European Medicines Agency.](#)

[Proposal for a Directive on the Union code relating to medicinal products for human use](#)

Stutt lýsing á efni

Ný lyfjastefna ESB var gefin út 25. nóvember 2020, en hún ásamt lærdomnum af Covid-19 heimsfaraldrinum liggja til grundvallar tillögum að nýrri lyfjalöggjöf, sem nú liggja fyrir. Meginmarkmiðin með endurskoðun löggjafarinnar eru að tryggja nægt framboð lyfja og aðgengi að þeim á sanngörnu verði, hvetja til nýsköpunar, m.a. á sviðum þar sem meðferðarúrrædi skortir, hagnýta nýjar vísinda- og tækniaðferðir sem koma fram á sjónarsviðið og stuðla að einföldun kerfisins.

Tillögur framkvæmdastjórnar ESB að nýrri mannalyfjalöggjöf voru síðan lagðar fram 26. apríl sl. og samanstanda af tveimur gerðum, reglugerð og tilskipun. Tillögurnar munu m.a. leysa af hólmi fyrri reglur, sem hafa verið innleiddar í íslenska löggjöf, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004. frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum.

Hlekkur á skjöl á vinnslustigi (pipeline)

[Reglugerð, EUR-Lex - 52023PC0193 - EN - EUR-Lex \(europa.eu\)](#)

[Tilskipun, EUR-Lex - 52023PC0192 - EN - EUR-Lex \(europa.eu\)](#)

Málflokkur

Lyfjamál

Staða máls innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar sem kom út í apríl sl. er nú í vinnslu hjá ráðinu og Evrópuþinginu.

Hlekkur á skjal á forstigi (pre pipeline)

- [Revision of the EU general pharmaceuticals legislation](#)
- [COMMUNICATION FROM THE COMMISSION TO THE EUROPEAN PARLIAMENT, THE COUNCIL, THE EUROPEAN ECONOMIC AND SOCIAL COMMITTEE AND THE COMMITTEE OF THE REGIONS](#)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Fylgjast þarf með framgangi tillagnanna. Íslenskir hagsmunir miðast við smæð íslenska markaðarins. Tryggja þarf lyfjaöryggi, aðgengi, einföldun á stjórnsýlu og að hvati sé til að lyf sé markaðssett á smærri svæðum. Fylgjast þarf sérstaklega með rafrænum fylgiseðlum með lyfjum. Norðurlandaþjóðirnar hafa sameiginlega farið þess á leit við Evrópusambandið að reglur um fylgiseðla með lyfjum verði endurskoðaðar þannig að heimilt verði að nota rafræna fylgiseðla eingöngu. Einnig þarf að vakta ákvæði um lyfjapakkningar sem markaðsetja má með fleiri tungumálum en einu (e. Multi-language packing). Það gerir Íslandi kleift að kaupa inn lyf með öðrum löndum sem teljast þá sem eitt markaðssvæði.

Mikilvægt er að vakta sérstaklega breytingar um aðgengi að lyfjum, hvort sem það er vegna nýrra reglna sem takmarka aðgengi fyrir smáríki eða auknar kröfur sem gætu leitt til lyfjaskorts, þetta getur verið í formi aukins kostnaðar við framkvæmd nýrra reglna. Markmið endurskoðunar á löggjöfinni á að vera til bóta en vegna sérstöðu smáríkja þarf að passa að þessar endurskoðuðu reglur komi þeim líka til góða.

Markhópur

- Framkvæmdastjórnin og ráðið

Tímarammi

Tillögur að nýrri mannalyfjalöggjöf voru birtar í apríl 2023 og áætlað er að það taki 2-3 ár þar til hún nær fram að ganga. Belgar munu gegna formennsku í ráðherraráðinu á fyrri helmingi næsta árs og hafa þegar gefið það út að málið verði sett í forgang. Búast má við að umræður og þríhliðaviðræður muni taka þónokkurn tíma enda inniheldur löggjöfin miklar grundvallarbreytingar, þ. á m. um markaðsleyfi og aðgerðir til að lágmarka lyfjaskort.

Ábyrgt ráðuneyti

Heilbrigðisráðuneytið

Næringermerkingar merkingar matvæla

PROPOSAL FOR A HARMONIZED MANDATORY FRONT-OF-PACK NUTRITION LABELLING.

Stutt lýsing á efni

Reglur um merkingar á matvælum er að finna í reglugerð (EB) 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja betri upplýsingar um innihald matvæla fyrir neytendur með skýrari merkingum á matvælum. Reglugerðin er einn liður í svokallaðri „Farm to Fork“ (F2F) stefnu en henni er ætlað að tryggja umskipti í sjálfbært matvælakerfi innan ESB sem verndar fæðuöryggi og tryggir aðgang að hollum matvælum frá heilbrigðri plánetu.

Árið 2016 var gerð breyting á merkingareglugerðinni þar sem krafist er þess að nánast öll forpökkuð matvæli þurfi að hafa svokallaðar „front of pack“ merkingar. Það þýðir að forpökkuð matvæli þurfi að hafa mjög skýrar merkingar á pakkningunum um innihald og næringargildi vörunnar. Þessar upplýsingar eiga að hjálpa neytendum að velja heilbrigðari og sjálfbærari matvæli. Staða málsins innan ESB:

Sem hluti af „Form to Fork“ stefnunni hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynnt að endurskoða eigi reglur um upplýsingar sem neytendum eru veittar. Markmiðið með því er að tryggja betri merkingar og því betri upplýsingar til neytenda um þau matvæli sem þau hyggjast neyta. Í september 2021 var lögð fram tillaga af um sjálfbærni merkingar (e. Sustainability Labelling Framework) tillagan er hluti af framtakinu sjálfbært matvælakerfi og að innleiða sjálfbærni inn í allar matvælastefnur. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar var opin fyrir samráð til október 2021 en dregist hefur að koma fram með tillögu að nýju merkingarkerfi þar sem skoðanir eru skiptar í aðildarríkjunum um hvaða kerfi verður fyrir valinu.

Málflokkur

Matvælaöryggi

Staða máls innan ESB

Forstig (pre pipeline)

Vegvísir (e. roadmap) var opinn fyrir endurgjöf frá desember 2020 til febrúar 2021. Opið var fyrir opinbert samráð, sem opnað var í desember 2021, til 7. mars 2022. Til stóð að framkvæmdastjórnin myndi kynna tillögu sína á fjórða ársfjórðungi 2022 en það hefur dregist vegna ólíkra skoðana aðildarríkjanna.

Markhópur

- Framkvæmdastjórn ESB

Ábyrgt ráðuneyti

Matvælaráðuneytið

Áætlun ESB um þol gegn sýklalyfjaónæmi

Stutt lýsing á efni

Evrópska aðgerðaráætlunin „ein heilsa“ gegn sýklalyfjaþoli (the new EU One Health Action Plan against AMR) var kynnt í júní 2017. Markmið áætlunarinnar er að takast á við vandann sem felst í því að bakteríur í dýrum og mönnum eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum.

Málaufokkur

Matvælaöryggi

Staða málს innan ESB

Forstig (pre pipeline)

Markmið áætlunarinnar er að takast á við vandann sem felst í því að bakteríur í dýrum og mönnum eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum, en ekki síður að vinna að ramma fyrir framtíðaraðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi sem nýtast í að búa til gott regluverk og stefnumótun á þessu sviði.

Framkvæmdastjórnin hefur í því sambandi m.a. lagt áherslu á endurskoðun löggjafar eins og t.a.m. löggjafar um dýraheilbrigði þar sem rík áhersla er lögð á eftirlit með sýklalyfjaónæmi í súnum og gistilífsbakteríum í dýrum og matvælum m.t.t. nýrrar vísindalegrara þróunar og gagnasöfnunar. Eins liggur fyrir að endurskoða löggjöf um tilkynningu um smitsjúkdóma hjá mönnum með tilliti til nýjustu þróunar á sviði vísinda.

Framkvæmdastjórnin hefur einnig sett í forgang að skilgreina og meta ónæmar bakteríur sem valda smitandi dýrasjúkdómum undir nýju dýraheilbrigðislöggjöfinni og með stuðningi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), og jafnframt ef nauðsyn þykir að þroa samræmdar reglur um eftirlit með þeim.

Einnig er það stefnumál að bæta greiningu á sýklalyfjaóþoli í heilbrigðisgeiranum með því að styðja við samvinnu aðildarríkjanna og tilvísunarrannsóknarstofur.

Nú þegar má sjá afurðir þessarar vinnu sem náð hafa til Íslands í gegnum EES-samninginn eins og t.d. ný reglugerð um dýralyf og reglugerð um markaðssetningu lyfjablandaðs fóðurs.

Ábyrgt ráðuneyti

Matvælaráðuneytið

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/942 frá 5. júní 2019 um að koma á fót Evrópusambandsstofnun um samstarf eftirlitsaðila á orkumarkaði (endurútgáfa)

REGULATION (EU) 2019/942 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 5 June 2019 establishing a European Union Agency for the Cooperation of Energy Regulators(recast)

Stutt lýsing á efni

Reglugerð (ESB) 2019/942 leysir af hólmi eldri reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 sem kom á fót samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER). Í reglugerðinni er að finna ákvæði um lagalega stöðu stofnunarinnar, samsetningu og ákvarðanir stofnunarinnar, m.a. gagnvart landsbundnum stjórnvöldum. ACER fær með reglugerðinni aukið hlutverk í vinnslu netmála og framsetningu þeirra til framkvæmdastjórnar ESB. ACER fær aukið hlutverk í tengslum við samevrópskt mat á orkuöryggi (aflskortur og viðbragðsáætlanir) í samráði við ENTSOE sem er áfram í hlutverki tæknilegs ráðgjafa. Þá munu dreifiveitur og samtök þeirra taka þátt í þróun netmála.

Málauflokkur

Orkumál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32019R0942](#)

Regulation (EU) 2019/942 of the European Parliament and of the Council of 5 June 2019 establishing a European Union Agency for the Cooperation of Energy Regulators

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 frá 5. júní 2019 um innri markaðinn fyrir raforku (endurútgáfa)

REGULATION (EU) 2019/943 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 5 June 2019 on the internal market for electricity

Stutt lýsing á efni

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 um innri raforkumarkað er endurútgáfa reglugerðar (EB) nr. 714/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri.

Nýja reglugerðin fjallar almennt um starfsemi fyrtækja á raforkumarkaði og er þannig viðtækari og fjallar um fleiri atriði en sú fyrri sem fjallaði um viðskipti yfir landamæri með raforku. Reglugerðin setur fram meginreglur varðandi frjálsla verðmyndun á markaði, sveigjanleika, virka neytendur og tengingar milli landa.

Nýmæli í reglugerðinni eru reglur varðandi álagsjöfnun, kauphallir, álagsdreifingu, flutningsgetu, afltryggingar og mat á orkuöryggi. Samkvæmt reglugerðinni skal stuðla að auknu samstarfi flutningskerfisstjóra og eftirlitsaðila. Skýrar er kveðið á um hlutverk samtaka flutningsfyrtækja í Evrópu (ENTSOE). Svæðisbundið samstarf flutningsfyrtækja er aukið með tilkomu svæðisbundinna samhæfingarstöðva. Evrópsk samtök dreifiveitu fyrtækja (DSO) eru sett á laggirnar. Reglugerðin opnar fyrir möguleika á setningu netmála á fleiri svíðum en áður, þ.á. m. varðandi notkunarsvörðun, afhendingarskerðingar, kerfisþjónustu, orkugeymslu, gögn og netöryggi.

Nýmæli lúta einnig að nýju viðmiðum við aðferðarfræði í setningu og uppbyggingu gjaldskráa og ný ákvæði sem tilgreina hvers konar kostnað skuli falla utan við leyfðan kostnað flutnings og dreififyrtækja við ákvörðun gjaldskrár.

Málflokkur

Orkumál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32019R0943](#)

Regulation (EU) 2019/943 of the European Parliament and of the Council of 5 June 2019 on the internal market for electricity

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 frá 5. júní 2019 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB (endurútgáfa)

DIRECTIVE (EU) 2019/944 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 5 June 2019 on common rules for the internal market for electricity and amending Directive 2012/27/EU (recast)

Stutt lýsing á efni

Í tilskipun (ESB) 2019/944, sem leysir af hólmi raforkutilskipun 2009/72/EB (þriðja raforkutilskipun ESB), eru settar fram sameiginlegar reglur um framleiðslu, flutning, dreifingu, orkugeymslu og afhendingu rafmagns, ásamt ákvæðum um neytendavernd.

Markmið tilskipunarinnar er að efla samkeppnismarkað á sviði raforku og stuðla að hagstæðu og gegnsæju orkuverði fyrir neytendur, auka orkuöryggi og tryggja sjálfbært og loftlagsvænt orkukerfi. Í tilskipuninni eru settar meginreglur um starfsemi raforkukerfisins og þá sérstaklega reglur um valdeflingu neytenda og neytendavernd, um aðgang að raforkumarkaði og aðgang að flutnings- og dreifikerfum, eigendaðskilnað og reglur um sjálfstæði raforkueftirlits. Þá eru settar fram leiðir fyrir ríkin, eftirlitsaðila og flutningskerfisstjóra til að eiga samstarf sín á milli sem leiði til samtengds innri markaðar sem eykur hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa, styður við frjálsa samkeppni og aukið orkuöryggi.

Nýmæli í tilskipuninni varða orkufátækt, virka neytendur, snjallmæla og snjallnet, orkugeymslur og innviði fyrir rafbíla. Skýrari reikningagerð er hluti af neytendaverndinni sem er að finna í tilskipuninni. Opnað er fyrir möguleika svokallaðra orkusamfélaga sem eru félög sem sett eru á laggirnar til að framleiða og nota eigin orku og geta einnig verið virk á raforkumarkaði. Þessi samfélög geta öðlast rétt til að starfa sem dreifiveitur. Nýjar skyldur eru lagðar á dreifiveitur sem skulu leggja fram kerfisáætlun á minnst tveggja ára fresti. Með auknum fjölbreytileika í dreifikerfinu, vegna nýrra orkukosta, er þörf á auknum sveigjanleika dreifikerfa. Vegna þessa skal regluverk stuðla að betri sveigjanleika og orkunýtingu í dreifikerfum. Dreifikerfi eiga einnig að auðvelda tengingar fyrir hleðslustöðvar. Ný samtök evrópskra dreifiveitna verða sett á laggirnar sem eru samsvarandi samtök og samtök flutningsfyrtækja (ENTSOE).

Í tilskipuninni er kveðið á um að kerfisáætlun flutningsfyrtækis skuli vera lögð fram til eftirlitsaðila á tveggja ára fresti hið minnsta, í stað árlega. Eftirlitsaðili (raforkueftirlit) fær nokkur ný eftirlitsverkefni tengd virkum sveigjanlegum markaði og orkuöryggi, t.d. varðandi kerfisþjónustu, yfirsýn yfir fjárfestingar í orkugeymslum og þróun snjallneta.

Málauflokkur

Orkumál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32019L0944](#)

Directive (EU) 2019/944 of the European Parliament and of the Council of 5 June 2019 on common rules for the internal market for electricity and amending Directive 2012/27/EU

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Markmið er að viðhalda fyrri undanþágum og þá sérstaklega þeim sem varða millilandatengingar.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Tilskipun um orkunýtni (endurútgáfa)

Proposal for a DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on energy efficiency (recast)

Stutt lýsing á efni

Komin er fram tillaga frá 2021 um endurútgáfu tilskipunarinnar frá 2012. Tillagan er hluti af safni tillagna sem eru hluti "Fit-for 55" aðgerðum sem ætlað er að ná markmiðum Evrópusambandsins um kolefnishluteysi árið 2050 og draga úr losun um 55% fyrir árið 2030. Hertar aðgerðir eru settar fram sem miða að því að ná þessum markmiðum.

Málflokkur

Orkumál

Staða máls innan ESB

Forstig (pre pipeline)

Samþykktar ESB gerðir 2012 og 2018 eru til skoðunar í EFTA vinnuhópi um orkumál.

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32018L2002](#)

Directive (EU) 2018/2002 of the European Parliament and of the Council of 11 December 2018 amending Directive 2012/27/EU on energy efficiency

[COM\(2021\) 558](#)

Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on energy efficiency (recast)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Orkukerfi Íslands nýtir orku af endurnýjanlegum uppruna í raf- og hitaveitum. Meginmarkmið orkunýtnitilskipunar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og innflutningi á orku/eldsneyti með bættri orkunýtni. Í ljósi sérstöðu orkukerfisins eiga ekki allar aðgerðir tilskipunarinnar við hér á landi og verður tilskipun því innleidd að hluta. Atriði sem eiga við varða upprunaábyrgðir og samframleiðslu varma og raforku með undanþágu fyrir jarðhitavinnslu, skýrslugerð með yfirlit yfir aðgerðir sem stjórnvöld leggja til og stuðla að aukinni orkunýtni og upplýsingagjöf til neytenda. Gætt verði að því í samvinnu við Orkustofnun að innleiðing verði ekki íþyngjandi fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Íþyngjandi ákvæði eru kvaðir um að 1,5% árlegs orkusparnaðar. Einnig að 3% húsnaðis á forræði stjórnvalda fari í endurnýjun ár hvert sem miði að orkusparnaði, orkuúttektir fyrir staðri fyrirtæki og 1,5% orkusparnað hjá orkufyrirtækjum. Gerðir frá 2018 og 2021 herða á þessum kröfum og setja hærri markmið.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Skoða þarf hvaða aðlaganir þarf vegna aðstæðna hér landi en eldri tilskipun frá 2012 hefur ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn. Hagsmunagreining er unnin á vegum Orkustofnunar í samvinnu við NVE í Noregi.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Innviðaráðuneytið

Tilskipun 2018/844/EU um breytingu á tilskipun 2010/31/EU um orkunotkun bygginga (EPBD)

DIRECTIVE (EU) 2018/844 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 30

May 2018 amending Directive 2010/31/EU on the energy performance of buildings and Directive 2012/27/EU on energy efficiency

Stutt lýsing á efni

Tilskipun 2018/844/EU um breytingu á tilskipun 2010/31/EU um orkunotkun bygginga (EPBD) er hluti af hreinorkupakka ESB. Ísland er með undanþágu frá tilskipun frá 2010. Undanþágan er skilyrt að því leyti að Ísland þarf að taka til greina nýmæli í nýrri tilskipun 2018/844/EU, t.a.m. er lúta að snjallvæðingu bygginga og hleðslumöguleika fyrir rafbíla.

Málaufokkur

Orkumál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32018L0844](#)

Directive (EU) 2018/844 of the European Parliament and of the Council of 30 May 2018 amending Directive 2010/31/EU on the energy performance of buildings and Directive 2012/27/EU on energy efficiency

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Innviðaráðuneytið

Eftirlits- og stjórnunarkerfi (orkumál)

REGULATION (EU) 2018/1999 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 11 December 2018 on the Governance of the Energy Union and Climate Action, amending Regulations (EC) No 663/2009 and (EC) No 715/2009 of the European Parliament and of the Council, Directives 94/22/EC, 98/70/EC, 2009/31/EC, 2009/73/EC, 2010/31/EU, 2012/27/EU and 2013/30/EU of the European Parliament and of the Council, Council Directives 2009/119/EC and (EU) 2015/652 and repealing Regulation (EU) No 525/2013 of the European Parliament and of the Council

Stutt lýsing á efni

Reglugerð 2018/1999 (EU) snýr að eftirlits- og stjórnkerfi (governance) og samræmir orku- og loftslagsáætlanir ríkjanna um hvernig þau muni uppfylla markmið sín til 2030. Ríkin setja fram tíu ára landsaðgerðaráætlanir um orku og loftslagsmál (national energy and climate plan, NECP). Markmiðið er að draga úr skrifinsku með því að samræma kröfur um skýrslugjöf sem er að finna í aðskildri lagasetningu á orku- og loftslagssviði. Þá eru ekki lengur sett ákveðin landsmarkmið eins og finna mátti í RES-tilskipun, heldur mun samtal eiga sér stað milli ríkjanna og Framkvæmdastjórnar um hvernig landsáætlanir miða að því að ná sameiginlegum orku- og loftslagsmarkmiðum ársins 2030. Sá hluti reglugerðarinnar er lýtur að loftslagsákvæðum hefur verið tekinn upp í EES-samninginn undir Bókun 31 um samvinnu á sérstökum svíðum utan marka fjórþætta frelsisins.

Málaufokkur

Orkumál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[32018R1999](#)

Regulation (EU) 2018/1999 of the European Parliament and of the Council of 11 December 2018 on the Governance of the Energy Union and Climate Action, amending Regulations (EC) No 663/2009 and (EC) No 715/2009 of the European Parliament and of the Council, Directives 94/22/EC, 98/70/EC, 2009/31/EC, 2009/73/EC, 2010/31/EU, 2012/27/EU and 2013/30/EU of the European Parliament and of the Council, Council Directives 2009/119/EC and (EU) 2015/652 and repealing Regulation (EU) No 525/2013 of the European Parliament and of the Council

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Tilskipun um endurnýjanlega orkugjafa

Proposal for a DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Directive (EU) 2018/2001 of the European Parliament and of the Council, Regulation (EU) 2018/1999 of the European Parliament and of the Council and Directive 98/70/EC of the European Parliament and of the Council as regards the promotion of energy from renewable sources, and repealing Council Directive (EU) 2015/652

Stutt lýsing á efni

Tillaga er komin fram um að gera breytingu á gildandi tilskipun 2018/1999/EU um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku, reglugerð 2018/1999 og tilskipun 98/70/EC og að fella niður tilskipun 2015/652. Tillaga þessi er hluti af löggjafartillögum sem bera heitið Fit for 55. Fit for 55 eru tillögur að breytingum á löggjöf eða nýrri löggjöf sem byggir á stefnumótun Græna Sáttmálans (The European Green Deal).

Tilgangurinn er að ná hertum loftslagsmarkmiðum sem gera ráð fyrir að draga úr losun kotvísýrings um 55% fyrir arið 2030 miðað við árið 1990. Einnig er stefnt að kolefnishlutleysi í Evrópu fyrir árið 2050. Samhliða þessu eru settar fram stefnur um samþætt orkukerfi (system integration), vetrnisstefna, stefna um vindorku á hafi og líffræðilegan fjölbreytileika. Stefnt er að því að hækka markmið um hlutdeild endurnýjanlegrar orku úr 32% í 40% fyrir árið 2030.

Fit for 55 er safn af tillögum að breytingum eða nýrri löggjöf sem byggir á stefnumótun Græna Sáttmálans (The European Green Deal). Tilgangurinn er að stefna að því að ná hertum loftslagsmarkmiðum um að draga úr losun koltvísýrings um 55% fyrir árið 2030 miðað við viðmiðunarárið 1990. Þá er stefnt að kolefnishlutleysi fyrir Evrópu árið 2050.

Aðgerðir snerta regluverk á þverfaglegum sviðum umhverfis, samgöngu og orkumála og snúa að verðlagningu (ETS kerfi ofl), markmiðasetningu, stuðningsumhverfi og hertum losunarkröfum og skilyrði um endurnýjanlegt eldsneyti og tengd innviðauppbygging fyrir samgöngur á landi, í hafsækinni starfsemi og í flugi. Þær gerðir sem tak að breytingum eða eru nýjar og tengjast orku- og eldsneytismálum eru eftirfarandi gerðir:

- Renewable Energy Directive
- Energy Efficiency Directive
- Alternative Fuels Infrastructure Regulation
- FuelEU Maritime
- ReFuel Aviation

Málauflokkur

Orkumál

Staða máls innan ESB

Forstig (pre pipeline)

Hlekkur á skjal á forstigi (pre pipeline)

- [Proposal for a DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Directive \(EU\) 2018/2001 of the European Parliament and of the Council, Regulation \(EU\) 2018/1999 of the European Parliament and of the Council and Directive 98/70/EC of the European Parliament and of the Council as regards the promotion of energy from renewable sources, and repealing Council Directive \(EU\) 2015/652](#)
- [COMMUNICATION FROM THE COMMISSION TO THE EUROPEAN PARLIAMENT, THE COUNCIL, THE EUROPEAN ECONOMIC AND SOCIAL COMMITTEE AND THE](#)

COMMITTEE OF THE REGIONS A hydrogen strategy for a climate-neutral Europe

- COMMUNICATION FROM THE COMMISSION TO THE EUROPEAN PARLIAMENT, THE COUNCIL, THE EUROPEAN ECONOMIC AND SOCIAL COMMITTEE AND THE COMMITTEE OF THE REGIONS An EU Strategy to harness the potential of offshore renewable energy for a climateneutral future
- COMMUNICATION FROM THE COMMISSION TO THE EUROPEAN PARLIAMENT, THE COUNCIL, THE EUROPEAN ECONOMIC AND SOCIAL COMMITTEE AND THE COMMITTEE OF THE REGIONS Powering a climate-neutral economy: An EU Strategy for Energy System Integration
- COMMUNICATION FROM THE COMMISSION TO THE EUROPEAN PARLIAMENT, THE COUNCIL, THE EUROPEAN ECONOMIC AND SOCIAL COMMITTEE AND THE COMMITTEE OF THE REGIONS 'Fit for 55': delivering the EU's 2030 Climate Target on the way to climate neutrality

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Eftirfarandi ákvæði og kröfur þarf að skoða m.t.t. íslenskra hagsmunu.

Tæknilegar kröfur er tengjast vetni, rafeldsneyti og lífeldsneyti sem gæti verið framleitt á Íslandi. Ýmsar breytingar eru gerðar á skilgreiningum og útreikningum fyrir eldsneyti af ólifrænum uppruna. Gæta þarf að því að skilgreiningar á endurnýjanlegu rafeldsneyti útiloki ekki íslenskt rafeldsneyti sem framleitt er frá núverandi raforkukerfi (additionality requirement) eða eldsneyti framleitt með kolefni frá iðjuverum.

Sett eru skilyrt ákvæði um samstarfsverkefni yfir landamæri og samstarf ríkja um orkuvinnslu á hafsvæðum.

Endurnýjanleg orka fyrir byggingar. Ísland hefur undanþágu frá kvöðum sem er að finna í tilskipun um orkunýtni bygginga. Skoða þarf hvort viðhalda skuli þeim undanþágum.

Lágmarkshlutdeild endurnýjanlegrar orku og hráefni til iðnaðar. Orkumerkingar fyrir framleiðsluvörur sem gefa til kynna notkun endurnýjanlegrar orku eða eldsneytis í framleiðsluferlinum.

Sett eru ákvæði sem styðja við gerð langtíma-raforkusölusamninga (power purchase agreements).

Hitaveitur og glatvarmi. Settar eru fram kröfur um sampættingu hita- og dreifikerfa rafmagns. Gæta þarf að því að kröfur verði ekki settar sem henta ekki innlendum aðstæðum hitaveitna. Skoða í því samhengi kröfur um tengingar þriðja aðila og samspil við dreifi- og flutningskerfi. Skoða sérstaklega hvort íslenskar hitaveitur falli áfram undir undanþágur vegna hárrar hlutdeilda endurnýjanlegrar orku, sem var hluti af REDII.

Eldsneyti í samgöngum. Auknar kvaðir um samdrátt í losun GHG og undirmarkmið um hlutdeild þróaðs lífeldsneytis og rafeldsneytis. Hvatakerfi/viðskiptakerfi er sett á laggirnar sem heimilar viðskipti milli rafhleðslusala og söluaðila eldsneytis. Sjálfbærniviðmið fyrir lífeldsneyti eru hert.

Ábyrgt ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Innviðaráðuneytið og utanríkisráðuneytið

Tillaga að reglugerð (ESB) um sjálfbært flugeldsneyti

Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on ensuring a level playing field for sustainable air transport - COM/2021/561 final

Stutt lýsing á efni

Umrædd tillaga að reglugerð felur í sér töluvert auknar kröfur til aðila sem tengjast afgreiðslu og notkun flugvélaeldsneytis. Einnig felur hún í sér aukið hlutverk lögbærra yfirvalda á Íslandi á sviði eftirlits. Hlutverk reglugerðarinnar er að draga úr jarðefnaeldsneytisnotkun flugsamgangna og jafna stöðu aðila á þeim markaði innan Evrópusambandsins. Settar verða almennar kröfur um hlutfall sjálfbærars flugvélaeldsneytis sem notað er í greininni og verða krófurnar auknar jafnt og þétt frá árinu 2025 til ársins 2050. Um er að ræða nýjar kröfur og eftirlit ef til innleiðingar kemur og krefst því breytinga á gildandi lögum og reglugerðum eða setningar nýs regluverks er málið varðar.

Reglugerðartillagan setur lágmarkskröfu um hlutfall sjálfbærars flugeldsneytis (e. Sustainable Aviation Fuels, SAF) sem afgreitt er til flugvéla á flugvöllum innan Evrópusambandsins. SAF getur verið lífeldsneyti sem fellur undir skilgreiningu sem “advanced biofuels”, skv. tilskipun ESB 2018/2001 eða er framleitt úr hráefni listaði í viðauka IX í sömu tilskipun og uppfyllir sjálfbærniviðmið. Einnig fellur undir skilgreininguna á SAF það eldsneyti sem er af ólífrænum toga en er framleitt með endurnýjanlegum hætti, svokallað “Synthetic Aviation Fuels” eða “rafeldsneyti” til einföldunar.

Málauflokkur

Orkumál

Staða málss innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[COM\(2021\) 561](#)

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council on ensuring a level playing field for sustainable air transport

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Markmið Íslands með forgangi við vöktun gerðarinnar er þriðja:

- Meginmarkmiðið er að koma eins og hægt er í veg fyrir að skuldbindingar sem Ísland undirgangist við innleiðingu gerðarinnar leiði til þess samkeppnisstaða Keflavíkurflugvallar sem tengiflugvallar á milli EES og Norður-Ameríku skerðist samanborið við aðra evrópska flugvelli og bein flug frá Evrópu.
- Annað markmið er að íslenskur almenningur og ferðaþjónustan taki ekki á sig byrðar umfram það sem almennt gerist innan EES í ljósi þess að flug er eini ferðamáttinn frá Íslandi til annarra landa.
- Þriðja markmið er að innleiðing gerðarinnar leiði ekki til kolefnisleka.

Sérstaklega þarf að vakta samanlögð áhrif þessarar tillögu og tillögu um breytingar á viðskiptakerfi með losunarheimildir er varða flug, sem báðar geta mögulega leitt til umtalsverðar hækkanar á kostnaði við flug til Íslands.

Ábyrgt ráðuneyti

Innviðaráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Stofnun á miðlægum eftirlitsaðila og breytingar á regluverki vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu

Anti-money laundering and countering the financing of terrorism legislative package. Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council establishing the Authority for Anti-Money Laundering and Countering the Financing of Terrorism and amending Regulations (EU) No 1093/2010, (EU) 1094/2010, (EU) 1095/2010 - COM(2021)421. Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council on the prevention of the use of the financial system for the purposes of

money laundering or terrorist financing - COM(2021)420. Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on the mechanisms to be put in place by the Member States for the prevention of the use of the financial system for the purposes of money laundering or terrorist financing and repealing Directive (EU) 2015/849 - COM(2021)423. Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council on information accompanying transfers of funds and certain crypto-assets (recast) - COM(2021)422.

Stutt lýsing á efni

„AML pakki“ framkvæmdastjórnarinnar. Pakkinn innheldur eftirfarandi þrjár tillögur að reglugerðum:

Tillaga að **reglugerð** um breytingu og niðurfellingu á reglugerð EB 2015/847 um þær upplýsingar sem fylgja eiga millifærslum. Tillagan víkkar út gildissvið reglnanna þannig að þær nái einnig til sýndareigna (e. crypto assets). Verði tillaga framkvæmdastjórnarinnar samþykkt mun hin nýja reglugerð fella eldri reglugerð um sama efni úr gildi

Tillaga að **reglugerð** um nýjan evrópskan eftirlitsaðila á vettvangi aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (e. Anti-Money Laundering Authority - „AMLA“). Í mjög grófum dráttum má lýsa fyrirhuguðu meginhlutverki stofnunarinnar með eftirfarandi hætti: *Í fyrsta lagi* að sinna beinu eftirliti með völdum tilkynningarskyldum aðilum á fjármálamaðra (e. selected obliged entities). *Í öðru lagi* að sinna óbeinu eftirliti með bæði tilkynningarskyldum fjármálaþyrirtækjum og öðrum tilkynningarskyldum aðilum í gegnum eftirlitsaðila aðildarríkjanna. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að stofnunin hafi í undantekningartilvikum heimildir til að bregðast við brotum tilkynningarskyldra fjármálaþyrirtækja sem ekki falla undir valda tilkynningarskylda aðila (að tilteknun skilyrðum uppfylltum, m.a. að fenginni heimild frá Framkvæmdstjórninni) með því að beina tilmælum til, eða með því að taka yfir skyldur, innlenda eftirlitsaðilans, hafni hann að grípa til aðgerða gegn þeim tilkynningarskylda aðila sem um ræðir. *Í þriðja lagi* að gegna samhæfingar- og stuðningshlutverki með fjármálagreiningareiningum (e. Financial Intelligence Units „FIU“) aðildarríkjanna, m.a. með því að samræma sameiginlegar greiningar slíkra eininga (e. joint analyses) og starfrækja FIU.net (vettvangur öruggar miðlunar upplýsinga á milli slíkra eininga).

Tillaga að **reglugerð** um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun fjármálakerfisins hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Gert er ráð fyrir að í reglugerðina verði færðar allar reglur sem eiga við um einkageirann á meðan stofnanaumgjörðin í aðildarríkjum verði áfram í tilskipunarformi. Í reglugerðinni verður einnig mælt fyrir um tiltekin nýmæli og breytingar á gildandi reglum.

Og eina tillögu að tilskipun:

Tillaga að **tilskipun** um þær aðgerðir sem aðildarríki eiga að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun fjármálakerfisins hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (6. peningaþvættistilskipunin). Þetta er eina tilskipunin í nefndum AML-pakka, en hún hefur að geyma reglur sem lúta að aðildarríkjum sjálfum og stofnanaumgjörð þeirra. Til viðbótar við gildandi reglur mælir tilskipunin einnig fyrir um ýmsa breytingar, t.a.m. hvað varðar skráningu raunverulegra eigenda, valdheimildir eftirlitsaðila og persónuvernd.

Málauflokkur

Peningaþvætti

Staða máls innan ESB

Forstig (pre pipeline)

Málið er á forstigi og gerðirnar allar í tillöguformi (e. Commission Proposals).

Hlekkur á skjal á forstigi (pre pipeline)

- [Preventing money laundering and terrorist financing – new rules for the private sector](#)
- [Preventing money laundering and counter-terrorist financing – new national mechanisms](#)
- [Preventing money laundering and terrorist financing – new EU authority](#)
- [Preventing money laundering and terrorist financing – traceability of crypto-asset transfers](#)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir COM(2021) 420

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council on the prevention of the use of the financial system for the purposes of money laundering or terrorist financing

COM(2021) 421

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council establishing the Authority for Anti-Money Laundering and Countering the Financing of Terrorism and amending Regulations (EU) No 1093/2010, (EU) 1094/2010, (EU) 1095/2010

COM(2021) 422

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council on information accompanying transfers of funds and certain crypto-assets (recast)

COM(2021) 423

Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on the mechanisms to be put in place by the Member States for the prevention of the use of the financial system for the purposes of money laundering or terrorist financing and repealing Directive (EU) 2015/849

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Gera má ráð fyrir, nái umræddar tillögur fram að ganga, að þær muni hafa talsverð áhrif hér á landi og kalla eftir breytingum á löggjöf.

Hagsmunagæsla Ísland snýr fyrst og fremst að fyrirhugaðri stofnun hins nýja eftirlitsaðila, en vera kann að reglugerð sú sem stofnar hinn nýja evrópska eftirlitsaðila teljist fela í sér framsal á valdi sem gangi gegn stjórnarskrá. Er enda gert ráð fyrir að stofnunin hafi beint eftirlit með, og þar með valdheimildir yfir, tilteknunum fjármálfyrirtækjum sem sérstaklega verða til þess valin af stofnuninni. Þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að íslensk fjármálfyrirtæki falli undir þau skilyrði sem sett eru fyrir því að falla í flokk „valinna“ fjármálfyrirtækja í þessum skilningi, þá er heimildin engu að síður fyrir hendi, auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnunin geti í undantekningartilvikum, og að viðskiptum skilyrðum uppfylltum, brugðist beint við brotum annarra tilkynningarskyldra fjármálfyrirtækja. Því til viðbótar má nefna að Evrópuðomstólnum er einum falin lögsaga í málum er varða endurskoðun á tilteknunum ákvörðunum hinnar nýju stofnunar, auk þess sem önnur ákvæði kunna einnig að koma til frekari skoðunar í þessu sambandi.

Einnig má nefna stjórnskipulag stofnunarinnar, en samkvæmt reglugerðartillöggunni er ekki gert ráð fyrir að aðildarríki ESB og EFTA-ríkin eigi fulltrúa í annarri af tveimur stjórnnum stofnunarinnar (E. Executive Board, en í hinni (e. General Board) er gert ráð fyrir að yfirmenn eftirlitsaðila aðildarríkja eigi sæti.

Tveggja stoða lausn (sem byggt var á við innleiðingu hins evrópska eftirlitskerfis á fjármálamarkaði) er væntanlega eitthvað sem horfa þarf til.

Markhópur

- Framkvæmdastjórnin

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Verið er að vinna að sameiginlegu EES-EFTA álti sem gert er ráð fyrir að sent verði framkvæmdastjórninni. Unnið er að útfyllingu "Commission Proposal forms" sem gert er ráð fyrir að send verði til EFTA-skrifstofunnar.

Ábyrgt ráðuneyti
Dómsmálaráðuneytið

Önnur ráðuneyti
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Tillaga að reglugerð um fjölmíðlafrelsi

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council establishing a common framework for media services in the internal market (European Media Freedom Act) and amending Directive 2010/13/EU.

Stutt lýsing á efni

Tillagan miðar að því að koma úr vegi hindrunum fyrir stofnun og rekstri fjölmíðla ásamt því að koma á sameiginlegum reglum til að efla innri markaðinn í þessum efnum með því markmiði að standa vörð um frelsi og fjölræði fjölmíðla.

Tillagan á að mæta þeim mun sem er innan aðildarríkjanna á reglum er varða fjölræði fjölmíðla, ófullnægjandi uppbyggingu fyrir samvinnu á milli sjálfstæðra eftirlitsaðila á sviði fjölmíðla, afskiptum af eignarhaldi, stjórnun og/eða rekstri fjölmíðla og skort á tryggingu á fjölræði fjölmíðla þ.m.t. netmiðla.

Málauflokkur

Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

Staða máls innan ESB

Á vinnslustigi (pipeline)

Samráði er lokið. Tillagan var lögð fram af framkvæmdastjórninni 16. september 2022. Viðræður hefjast milli Ráðsins og þingsins haustið 2023.

Hlekkur á skjal á forstigi (pre pipeline)

- [European Media Freedom Act.](#)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Verði tillaga um gerð reglugerðar samþykkt getur hún haft mikil áhrif á starfsumhverfi fjölmíðla hér á landi.

Ábyrgt ráðuneyti

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Samstarfsáætlanir ESB 2021-2027 á sviði mennta-, æskulýðs-, menningar-, rannsóknar-, nýsköpunar-, stafrænna-, umhverfis-, almannavarna-, innri markaðs-, heilbrigðis-, sjálfboðaliðastarfs-, atvinnu- og félagsmála

1. Regulation (EU) 2021/695 of the European Parliament and of the Council of 28 April 2021 establishing Horizon Europe – the Framework Programme for Research and Innovation, laying down its rules for participation and dissemination, and repealing Regulations (EU) No 1290/2013 and (EU) No 1291/2013 (Text with EEA relevance)
2. Regulation (EU) 2021/817 of the European Parliament and of the Council of 20 May 2021 establishing Erasmus+: the Union Programme for education and training, youth and sport and repealing Regulation (EU) No 1288/2013 (Text with EEA relevance)
3. Regulation (EU) 2021/888 of the European Parliament and of the Council of 20 May 2021 establishing the European Solidarity Corps Programme and repealing Regulations (EU) 2018/1475 and (EU) No 375/2014 (Text with EEA relevance)
4. Regulation (EU) 2021/818 of the European Parliament and of the Council of 20 May 2021 establishing the Creative Europe Programme (2021 to 2027) and repealing Regulation (EU) No 1295/2013 (Text with EEA relevance)
5. Regulation (EU) 2021/694 of the European Parliament and of the Council of 29 April 2021 establishing the Digital Europe Programme and repealing Decision (EU) 2015/2240
6. Regulation (EU) 2021/783 of the European Parliament and of the Council of 29 April 2021 establishing a Programme for the Environment and Climate Action (LIFE), and repealing Regulation (EU) No 1293/2013
7. Regulation (EU) 2021/836 of the European Parliament and of the Council of 20 May 2021 amending Decision No 1313/2013/EU on a Union Civil Protection Mechanism
8. Regulation (EU) 2021/690 of the European Parliament and of the Council of 28 April 2021 establishing a programme for the internal market, competitiveness of enterprises, including small and medium-sized enterprises, the area of plants, animals, food and feed, and European statistics (Single Market Programme) and repealing Regulations (EU) No 99/2013, (EU) No 1287/2013, (EU) No 254/2014 and (EU) No 652/2014
9. Regulation (EU) 2021/522 of the European Parliament and of the Council of 24 March 2021 establishing a Programme for the Union's action in the field of health ('EU4Health Programme') for the period 2021-2027, and repealing Regulation (EU) No 282/2014
10. Regulation (EU) 2021/1057 of the European Parliament and of the Council of 24 June 2021 establishing the European Social Fund Plus (ESF+) and repealing Regulation (EU) No 1296/2013

Stutt lýsing á efni

Að tryggja að áframhaldandi þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB sé í samræmi við EES-samninginn og að unnið verði markvisst að virkri þátttöku Íslands á tímabilinu 2021-2027 og fylgst náið með árangri. Umfang áætlananna hefur aukist og því mikilvægt að fylgjast vel að ávinnungur haldist vel í hendur við framlag Íslands til þeirra.

Málaufokkur

Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Reglugerðirnar um samstarfsáætlanir ESB fyrir tímabilið 2021-2027 hafa verið samþykktar og voru teknar upp í EES-samninginn í september 2021. Það er mikilvægt að fylgjast áfram vel með framkvæmd áætlananna þar sem ýmis þættir eru enn óútfærðir af hálfu ESB.

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að tryggja að þátttaka Íslendinga í samstarfsáætlunum ESB, þ.m.t. í stjórnarnefndum og sérfræðingahópum, sé í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Markmiðið er að hámarka árangur og ávinning þáttökunnar á tímabilinu 2021-2027.

Markhópur

- Framkvæmdastjórn ESB, ráðið og þingið.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Formlega með áframhaldandi þáttöku í þeim stjórnarnefndum sem Ísland hefur aðgang að og í gegnum EFTA skrifstofuna og EFTA vinnuhópana. Óformlega með áframhaldandi tengslavinnu við helstu samstarfsríki og viðeigandi stofnanir og sérfræðinga ESB.

Tímarammi

Áætlanirnar hófust 1. janúar 2021 og enn á eftir að útfæra vissa þætti og mikilvægt að fylgjast náið með þróun mála.

Ábyrgt ráðuneyti

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Utanríkisráðuneytið, Dómsmálaráðuneytið, Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Heilbrigðisráðuneytið, Innviðaráðuneytið, Matvaelaráðuneytið, Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council amending Regulation (EC) No 1073/2009 on common rules for access to the international market for coach and bus services

Stutt lýsing á efni

Almennt: Markmiðið með gerðinni er að efla þjónustu hópferðabifreiða sem raunhæfan valkost við einkabifreiðina.

Aðdragandi : Reglugerð EB nr. 1073/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa var innleidd með reglugerð nr. 474/2017 og tók gildi hér á landi þann 1. júní 2017. Reglugerðin fjallar um tiltekna farþegaflutninga á vegum milli landa innan EES. Hún er um gerð og tilhögun leyfisveitinga, eftirlit með flutningastarfsemi, viðurlög, rafræna landskrá o.fl. Við mat á framkvæmd reglugerðarinnar sem framkvæmt var á árunum 2015-2017 kom í ljós að reglugerðin hefur aðeins verið árangursrík að hluta til. Helstu vandamál sem komið hafa í ljós eru hindranir á innlendum mörkuðum við þróun áætlunarferða og flutninga með hópferðabifreiðum og lágt hlutfall sjálfbærra farþegaflutninga. Er ætlunin nú að leiðréttu þessa annmarka.

Reglugerð 1073/2009 (EB) tekur í dag til tímabundinna fólksflutninga (Gestaflutninga) með hópbifreiðum sem gerðar eru fyrir fleiri en níu farþega, af hálfu fyrirtækis með staðfestu í öðru aðildarríki en flutningarnir fara fram í. Tillagan felur m.a. í sér að í ákveðnum tilvikum gildi reglugerðin um fólksflutninga af hálfu fyrirtækis með staðfestu í öðru aðildarríki óháð því hvort um tímabundna flutninga sé að ræða. Þannig verði fyrirtækjum með staðfestu í öðrum aðildarríkjum í ákveðnum tilvikum heimilað að stunda farþegaflutninga í gistiþíki án takmarkana. Stefnt er að því að afnema akstursskrá en nýlegar breytingar á íslenskri löggjöf um gestaflutninga gerir ráð fyrir akstursskrá sem eftirlitsskjali.

Málauflokkur

Samgöngumál

Staða máls innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Málið er á vinnslustigi en hefur verið stopp í nokkur ár.

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir [COM\(2017\) 647](#)

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council amending Regulation (EC) No 1073/2009 on common rules for access to the international market for coach and bus services

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Markmið með hagsmunagæslu er að reglugerðinar gildi áfram aðeins um tímabundna flutninga auk þess að gestaflutningar verði skilgreindir á skýrari hátt en nú er, t.d. með því að takmarka slíka flutninga við ákveðinn dagafjölda sem samræmist íslenskri löggjöf. Þá ætti að stefna að því að ekki verði gengið lengra en þörf er á varðandi skyldu til að koma á fót sjálfstæðum eftirlitsaðila.

Markhópur

- Framkvæmdastjórnin - sérfræðingar á hennar vegum sem vinna að tillögunni, Evrópuþingið og ráðið

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Með samtölum, fundum og með því að deila upplýsingum um hagsmuni Íslands. Hugsanlega með EFTA-áli.

Tímarammi

Áður en gerðin verður samþykkt.

Ábyrgt ráðuneyti

Innviðaráðuneytið

Stafræn starfsskrá ESB

Stutt lýsing á efni

Upplýsingataeknimál eru ein af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Sett hefur verið af stað á tak til að efla stafræna þjónustu og undirbúa Ísland undir samfélag sem byggir á að leysa handafl af hólmi með hjálp tækni eins og sjálfvirknivæðingu og gervigreind. Áætlun ESB um að aðlaga sambandið að nýjum stafrænum tímum eru því hagsmunamál fyrir Ísland.

Í áætlun ESB eru stefnumál og aðgerðir sem snúa beint að þessu og eru settar undir flokkinn „A Europe Fit for the Digital Age“. Flestir af þeim þáttum sem settir eru á oddinn munu hafa áhrif á veru Íslands innan EES, en hér eru sett fram þau áherslumál sem hér í upphafi málsins er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á. Þetta eru m.a. Data Act Proposal, Data Governance Act Proposal og Artificial Intelligence Proposal.

Ítarlegri umræða um þessi mál á eftir að fara fram innan Stjórnarráðsins og því er mögulega að þetta taki breytingum eftir því sem henni fleytir fram.

Málflokkur

Upplýsingataeknimál

Staða máls innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[COM\(2021\) 574](#)

Proposal for a Decision of the European Parliament and of the Council establishing the 2030 Policy Programme “Path to the Digital Decade”

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Að Stjórnarráðið beri tímanlega kennsl á snertifleti, nauðsynlega samhæfingu og aðgerðir, þ.m.t. forgangsröðun, svo og að sameinast um greiningu á þverfaglegum álitaefnum. Með skipulegri lágmarkssamhæfingu þvert á málefnavið ólíkra ráðuneyta og reglubundnum upplýsinga- og skoðanaskiptum má stuðla að skýrari heildarsýn á eigin stefnu íslenska ríkisins og forgangsröðun á hverjum tíma að hvað stafræna umbreytingu varðar.

Markhópur

- Framkvæmdastjórn ESB
- Evrópuráðið
- Evrópuþingið

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Ráðuneyti fylgjast hvert á sínu sviði náið með þróun gerða, skýrslna og annarra aðgerða stofnana ESB er varða stafrænan innri markað Evrópu. Hópur fulltrúa þeirra verði formlega settur á laggir og fundi reglubundið, a.m.k. 4 sinnum á ári, beri saman bækur með það að markmiði að bera tímanlega kennsl á snertifleti þvert á málefnavið ráðuneyta, nauðsynlega samhæfingu og aðgerðir. Hópurinn sameinist um greiningu á þverfaglegum álitaefnum og taki a.m.k. árlega saman stutta skýrslu um framvindu og forgangsröðun stofnana ESB á hverjum tíma og, til samanburðar, stöðu mála á Íslandi.

Tímarammi

Um ræðir fjölda væntanlegra gerða og verður unnið jafnt að þessu eftir því sem þær berast á ólik málefnavið.

Ábyrgt ráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Dómsmálaráðuneytið, Forsætisráðuneytið, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Reglugerð um stafræna markaði

Regulation (EU) 2022/1925 of the European Parliament and of the Council 14 September 2022 on contestable and fair markets in the digital sector and amending Directives 2019/1937 and (EU) 2020/1828 (Digital Markets Act).

Stutt lýsing á efni

Digital Markets Act varðar starfsemi stórra og umfangsmikilla aðila sem reka stafræna vettvanga (e. digital platforms) og bjóða þjónustu við önnur fyrirtæki á innri á markaðnum sem felst í milligöngu milli seljenda og kaupenda vöru og þjónustu. Helsta markmið tillögunnar er að koma í veg fyrir að svokallaðir hliðverðir (e. gatekeepers) viðhafi ósanngjarna viðskiptahætti gagnvart viðskiptaaðilum sínum, bæði fyrirtækjum og neytendum. Hliðverðir eru fyrirtæki sem bjóða upp á ýmiss konar stafræna vettvanga og njóta sterkrar markaðsstöðu á innri markaðnum. Á slíkum fyrirtækjum munu hvíla ákveðnar skyldur um markaðshegðun þeirra sem ætlað er að auka gagnsæi og aðgengi að stafrænum vettvöngum og auka þannig samkeppni og efla nýsköpun, sérstaklega á sviði stafrænna tæknifyrirtækja. Með sérstökum markaðsrannsóknun verður framkvæmdastjórninni mögulegt að draga úr eða auka við skyldur fyrirtækjanna.

Framkvæmd og eftirlit á grundvelli reglugerðarinnar verður að meginstefnu til í höndum framkvæmdastjórnarinnar sem mun geta framkvæmt markaðsrannsóknir og sektað fyrirtæki fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Ekki er gert ráð fyrir því að stjórnvöld í aðildarríkjum fari með valdheimildir á grundvelli reglugerðarinnar en munu hins vegar taka þátt í sérstakri ráðgjafarnefnd (Digital Markets Advisory Committee).

Málflokkur

Upplýsingataeknimál

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted acquis)

Hlekkur á tillögur á vinnslustigi (pipeline) eða samþykktar ESB-gerðir

[Regulation of the European Parliament and of the Council on contestable and fair markets in the digital sector \(Digital Markets Act\).](#)

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Í gerðinni felast álitaefni tengd tveggja stoða eðli EES-samningsins sem varðar eftirlit og framkvæmd gerðarinnar. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin geti beitt fyrirtæki í aðildarríkjunum sektum án aðkoma eftirlitsstjórnvalda í aðildarríkjunum. Útfærsla á slíkri sektarheimild í landsrétt varðar stjórnskipuleg álitamál um framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Mikilvægt er að tryggja að hagsmunir lítila og meðalstórra fyrirtækja hér á landi verði tryggðir og jafnframt að útfærsla eftirlitsheimilda verði í samræmi við tveggja stoða álitamál og eðli EES-samningsins.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

[EES/EFTA-álit](#) var gefið út 10. nóvember 2021.

EES/EFTA-löndin hafa sett saman DMA Task Force sem vinnur að greiningu tveggja stoða álitamála sem felast í gerðinni og upptöku hennar í EES samninginn. EFTA skrifstofan vinnur að drögum að lögfræðiáli (Legal Note) þessa efnis.

Ábyrgt ráðuneyti

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Tillaga um reglugerð um gervigreind

Proposal for a Regulation of the European Parliament and the Council laying down harmonised rules on artificial intelligence (Artificial Intelligence Act) and amending certain Union legislative acts: COM(2021) 206 final.

Stutt lýsing á efni

Tillaga að reglugerð um samræmdar reglur um gervigreind (Artificial Intelligence Act), er fyrsta heildstæða löggiðin um gervigreind.

Markmið tillögunnar er styðja við þróun og nýtingu gervigreindarlausna með því að setja regluramma um gervigreind, sérstaklega með tilliti til áhættuþáttu varðandi nýtingu slíkrar tækni. Tillögunni er einnig ætlað að byggja upp traust varðandi nýtingu gervigreindar, með regluramma um nýtingu hennar. Tillagan byggir enn fremur á sjónarmiðum um evrópsk gildi og grundvallarréttindi, og er ætlað að stuðla að því að notendur geti treyst lausnum sem byggja á gervigreind, um leið og henni er ætlað að hvetja til þróunar slíkra lausna. Gervigreind felur í sér mikla möguleika til þróunar og ætti að nýta í þágu samfélagsins með það að meginmarkmiði að bæta velferð fólks.

Tillagan leggur fram samræmdan regluramma um kröfur til gervigreindakerfa og markaðssetningu og notkun þeirra á EES svæðinu. Reglurnar beinast fyrst og fremst að þjónustuaðilum sem vilja setja gervigreindarkerfi á markað og notkun þeirra. Tillagan leggur bann við ákveðnum gervigreindaraðferðum, setur ítarlegar reglur um notkun áhættusamra gervigreindarkerfa og samræmir reglur hvað varðar gagnsæi í gervigreindarkerfum. Í tillögunni er lagt bann við tilgreindum gervigreindaraðferðum, t.d. aðferðir sem brengla hegðun manna, aðferðir sem nýta aldurstengda veikleika eða líkamlegra/andlegra fötlunar, aðferðir beittar af opinberum aðilum til að meta áreiðanleika einstaklinga o.fl. Þá eru sérstök ákvæði um gagnsæisskyldur fyrir tiltekin gervigreindarkerfi, t.d. ef um er að ræða gervigreindarkerfi sem ætluð eru til samskipta við einstaklinga, og í tilvikum þar sem verið er að líkja eftir öðru fólk, svokallaðar djúpfalsanir (deep fake).

Aðildarríki eru hvött til þess að sjá til þess að sprotafyrirtæki hafi aðgang að sérstóku þróunarumhverfi (AI regulatory sandboxes), og stuðla þannig að nýsköpun í gervigreind.

Tillagan er byggð á gr. 114 í sáttmála um starfshætti Evrópusambandsins, en sú grein er lagalegur grundvöllur fyrir löggjöf á sviði innri markaðsins. Því eru miklar líkur á að þessi tillaga sé EES-tæk.

Málflokkur

Upplýsingataeknimál

Staða máls innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Sjá einnig skýrslu nefndar um AI, samþykkt á Evrópuþinginu 17.5.2022:

<https://www.europarl.europa.eu/news/en/press-room/20220429IPR28228/artificial-intelligence-meps>
<https://www.europarl.europa.eu/news/en/press-room/20220429IPR28228/artificial-intelligence-meps-want-the-eu-to-be-a-global-standard-setter>

Hlekkur á skjal á forstigi (pre pipeline)

Artificial Intelligence Act

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Markmið hagsmunagæslu Íslands snýr fyrst og fremst að fylgjast vel með þróun tillögunnar hjá ráðinu og Evrópuþinginu, og áhrif hennar á Ísland. Einig er mjög mikilvægt að tryggja að Ísland geti tekið jafnan þátt og önnur aðildarríki ESB í alþjóðlegri samvinnu og samráði þegar kemur að gervigreind, t.a.m. að tryggð sé aðkoma Íslands að Artificial Intelligence Board (EAIB) og öðrum nefndum sem kunna að fara með þessi mál.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Með að fylgjast áfram náið með umræðu í Evrópuþinginu og ráðinu um tillöguna, sem og eiga gott samstarf innan EFTA og við helstu hagsmunaaðila innanlands.

Ábyrgt ráðuneyti

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Dómsmálaráðuneytið

Tillaga að reglugerð (EB) um breytingar á rg. (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og rg. (EB) nr. 987/2009 um framkvæmd rg. (EB) nr. 883/2004

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council amending Regulation (EC) No 883/2004 on the coordination of social security systems and Regulation (EC) No 987/2009 laying down the procedure for implementing Regulation (EC) No 883/2004

Stutt lýsing á efni

Í tillögunni eru lagðar til margvíslegar breytingar á gildandi reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og nr. 987/2009, með síðari breytingum, aðallega hvað varðar réttindi og bætur vegna atvinnuleysis, langtímaumönnun, fjölskyldubætur, lagaskil og aðgengi að félagslegum greiðslum fyrir þá sem eru utan vinnumarkaða. Tillagan miðar að því að auka og styrkja réttindi þeirra sem fara á milli aðildarríkjanna eða sækja vinnu yfir landamæri til bóta og greiðslna á svið almannatrygginga. Auk þess að styrkja frjálsa fór er tillögunni ætlað að vinna gegn misnotkun almannatryggingakerfa.

Málauflokkur

Almannatryggingar

Staða máls innan ESB

Vinnslustig (pipeline)

Tillagan var lögð fram í desember 2016. Í upphafi var búist við að lagasetningarferlið gæti tekið nokkur ár. Ráðherraráðið samþykkti fullt samningsumboð er tók til allrar tillögunnar (full general approach) í júní 2018. Vinnu- og félagsmálanefnd Evrópuþingsins skilaði álti sínu með skýrslu í nóvember 2018 þar sem lagðar voru til margvíslegar breytingar við upphaflegu tillöguna. Þríhliða viðræður hafa staðið yfir með hléum og standa enn. Bráðabirgðasamkomulag hefur náðst um nokkra kafla tillögunnar, þ.e. um langtímaumönnun, fjölskyldubætur, jafna meðferð og ýmsar breytingar. Áherslan í þríhliða viðræðunum er nú á þau atriði sem enn eru opin og mest óeining er um, þ.e. skyldu til að tilkynna fyrirfram um útsendingu starfsmanns, atvinnuleysistryggingar þeirra sem starfa í öðru aðildarríki en búseturíkinu og greiðslutímabil bóta við atvinnuleit í öðru aðildarríki og tryggingastöðu og réttindi þeirra sem vinna samtímis eða samhliða í fleiri en tveimur aðildarríkjum.

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Fyrir liggur tillaga um breytingar á ákvæðum almannatryggingareglugerðanna, einkum hvað varðar rétt til atvinnuleysisbóta við för milli ríkja, bætur vegna langtímaumönnunar, almannatryggingar útsendra starfsmanna og aðgengi fólks sem ekki er virkt á vinnumarkaði að bótum við dvöl í öðru ríki. Almannatryggingareglugerðirnar eru felldar undir EES-samninginn, VI. viðauka, í heild sinni. Við þær eru margir viðaukar með sérbókunum og aðlögunum ríkjanna.

Tillagan:

- varðar breytingar á gildandi almannatryggingaákvæðum við för eða flutning milli EES-ríkjanna.
- kann að leiða til þess að breyta þurfi íslenskum lögum á sviðum er reglugerðirnar taka til.
- getur leitt til þess að fara þurfi fram á aðlögun/sérbókun við reglugerðina og viðauka hennar.
- leiðir til þess að semja þarf um aðlögun við tiltekna nýja/breypta viðauka við reglugerðirnar.
- getur leitt til þess að taka þurfi upp Norðurlandasamninginn um almannatryggingar.
- getur kallað á lagabreytingar hér á landi.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun málsins og niðurstöðu þess til að geta betur metið líkleg áhrif tillögunnar, verði hún samþykkt, m.a.

-á innlenda löggjöf, t.d. hvað varðar þörf á lagabreytingum

-á réttindi fólks sem nýtir sér frjálsa för

-á útgjöld ríkissjóðs.

Markhópur

- Á vinnslustigi: Framkvæmdastjórnin, ráðið og Evrópuþingið.
- Þegar gerðin hefur verið samþykkt: EEAS og ESB við samningu draga að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og aðlögun við gerðina sjálfa og/eða viðaukana með henni.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Lögð er áhersla á að fylgjast vel með málinu í gegnum starf framkvæmdaráðsins um samræmingu almannatryggingakerfa sem starfar á grundvelli almannatryggingareglugerðanna og hefur yfirumsjón með þeim, en Ísland hefur þar áheyrnaraðild og sækir fulltrúi félagsmálaráðuneytisins alla fundi þess í Brussel. Þá er fylgst með þróun málsins í gegnum vinnu EFTA-vinnuhópsins um almannatryggingar en frá því að tillagan var birt í desember 2016 hefur hún verið til umfjöllunar á fundum vinnuhópsins og hefur tillagan verið greind sem forgangsmál í starfsáætlunum hópsins. Einnig er fylgst með þróun málsins í gegnum samvinnu við önnur Norðurlönd. Norðurlandasamstarf á þessu sviði er öflugt og mikilvægt fyrir Ísland. Er tillagan nú reglulega á dagskrá norrænu almannatrygginganefndarinnar. Fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins fylgist einnig með málinu og þróun þess hjá framangreindum.

Ábyrgt ráðuneyti

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Önnur ráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið

Tillaga að tilskipun um viðeigandi lágmarkslaun

Directive (EU) 2022/2041 of the European Parliament and of the Council of 19 October 2022 on adequate minimum wages in the European Union

Stutt lýsing á efni

Tilskipun sem mælir fyrir um viðeigandi lágmarkslaun innan ESB. Markmið með tilskipuninni er að tryggja að lágmarkslaun séu vört og að launafólk sé tryggð viðeigandi vernd þegar kemur að launum og ákvörðun launa, hvort sem það er á grundvelli kjarasamninga eða samkvæmt lögum. Tilskipunin byggir á þeim að rökum að viðeigandi lágmarkslaun séu til bóta fyrir bæði atvinnurekendur og launafólk, þau bæti samkeppnisstöðu, auki framleiðni og eflí hagræna og félagslega þróun í ríkjum. Í tilskipuninni eru einnig settar fram reglur sem löggjöf varðandi laun þarf að uppfylla. Til að mynda eru sett fram ákveðin skilyrði þessu tengd og lögð áhersla á þátttöku og aðkomu aðila vinnumarkaðarins að slíkri lagasetningu. Samkvæmt tilskipuninni ber ríkjum einnig að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar árlega um launavernd.

Málflokkur

Vinnumarkaðurinn

Staða máls innan ESB

Samþykkt gerð (adopted aquis)

Tilskipun um viðeigandi lágmarkslaun innan ESB var samþykkt þann 19. október 2022. Tilskipunin var ekki metin EES tæk af hálfu EFTA ríkjanna innan EES en borist hafa skilaboð frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um að gerðin sé af þeirra hálfu talin falla undir gildissvið samningsins á grundvelli reglna um frjálsa för.

Hlekkur á skjal

- <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32022L2041>

Markmið með hagsmunagæslu Íslands

Koma þarf sjónarmiðum Íslands varðandi gerðina á framfæri við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Fyrir liggur að gerðin var ekki talin falla undir efnislegt og landfræðilegt gildissvið EES-samningins af hálfu sérfræðinga Íslands.

Markhópur

- Framkvæmdastjórn ESB

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Sjónarmiðum Íslands verður komið á framfæri með atbeina EFTA skrifstofunnar. Málið verður einnig rætt innan vinnuhóps EFTA um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og vinnulöggjöf. Málið verður einnig tekið upp á vettvangi norræns samstarfs á svíði vinnumála þar sem málið hefur verið rætt.

Ábyrgt ráðuneyti

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið